

Kafli 6.4 – Harold Garfinkel (Hvunndagsaðferðafræði) Spurningar úr efni bls. 205-214.

1. Hvert er helsta rit Garfinkels og hvað þýðir hugtakið hvunndagsaðferðafræði?
2. Hvað þýðir það að hvunndagsaðferðafræði feli í sér eigindlegar aðferðir?
3. Talcott Parsons var kennari Garfinkels, en hvaða aðra leið en Parsons fór Garfinkel í því að rannsaka samskipti fólks?
4. Hverjar eru hugmyndir Alfreds Schutz í fyrirbærafræði um það hvernig fólk flokkar og skynjar heiminn í kringum sig?
5. Um hvað er bók Bergers og Luckmann, *Félagsleg sköpun veruleikans*?
6. Hver er munurinn á því hvernig Berger og Garfinkel nýta hina fyrirbærafræðilegu félagsfræði Alfreds Schutz?
7. Hvaða hugmyndir og lykilhugtök úr fyrirbærafræðilegri félagsfræði hafa nýst sjónarhorni táknbundinna samskipta?
8. Hvað er átt við með því að hinn félagslegi veruleiki, hinn manngerði veruleiki, sé samhuglægur?
9. Hvað á Garfinkel við með því að fólk tjái sig með tilvísunum?
10. Austurríski heimspekingurinn Ludwig Wittgenstein líkti tungumálinu við verkfærakassa. Hvaða þýðingu hefur það fyrir merkingu orða í samskiptum?
11. Wittgenstein talar einnig um málleiki sem eitt aðaleinkenni á samskiptum fólks. Hvað felur þetta í sér?
12. Hvað felst í hugmyndinni um að tungumálið sé sjálfur lífsháttur manna?
13. Hvað þýðir það þegar sagt er að tilvísanir sem fólk notar í samskiptum þurfi að styðjast við ytri mælikvarða?

14. Hver var megin tilgangur Garfinkels með því að láta nemendur sína segja: „Hvað áttu við“? í samskiptum við fólk í hversdagslífinu?
15. Hvernig tengist heimspeki Wittgensteins um ábendingarskilgreiningar umræðu Garfinkels um tilvísanir og áherslu félagsfræðinnar almennt á viðmið (óskráðar reglur)?
16. Hvaða áherslur í anda hvunndagsaðferðafræði eru lagðar í samræðugreiningu?
17. Þeir John Heritage og David Greatbatch hafa rannsakað mælskulist sem breskir stjórnámamenn beita. Hvað er fólgið í þessari mælskulist?
18. Helsta gagnrýni á sjónarhorn hvunndagsaðferðafræði er á þá leið að þar sé ekki horft mikið til „stóru málanna“. Hver eru þessi stóru málefni?
19. Hver er helsta gilda ástæðan fyrir ástundun hvunndagsaðferðafræði?
20. (Hópverkefni) Veltið fyrir ykkur samræðu hjónanna á bls. 213 og athugið hvort þið kannist við álíka samskipti af eigin reynslu. Útskýrir fólk yfirleitt allt nákvæmlega sem það segir við aðra? Hvernig veit maður nákvæmlega hvað fólk meinar ef það útskýrir ekki nákvæmlega hvað það meinar? Takið bókmenntaverk eftir einhvern höfund (t.d. Pétur Gunnarsson) þar sem samtöl koma við sögu og athugið hvort samtölin eru í anda samræðu hjónanna á bls. 213. Þið getið líka gert þetta með því að greina samtöl í ákveðinni kvikmynd sem ykkur dettur í hug. Svo er líka hægt að greina samtöl fólks í hversdagslífinu. Hver er tilgangurinn með svona rannsókn?